

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkv. lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi er birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 106
21. ágúst

Félagsmálaráðuneytið, 21. ágúst 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

107

21. ágúst

fyrir vatnsveitu í Sandgerði.

1. gr.

Hreppsnefnd Miðneshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt, og einnig til hafnarinnar í Sandgerði.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf er vatnsveituna varða annast vatnsveitunefnd í samráði við hreppsnefnd.

Vatnsveitunefnd annast um viðhaldi vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Hreppsnefnd er heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hefur eftirlit með veitukerfinu og annast önnur störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir.

3. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum í hús sín og annast viðhald þeirra. Skylt er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

4. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem eru sett í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella geri umsjónarmaður það á hans kostnað.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki tengigjald eða vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

5. gr.

Engum er heimilt, án leyfis vatnsveitunefndar að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

6. gr.

Af öllum húsum í Sandgerði, sem virt eru til fasteignaskatts, og vatn er veitt í eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, er þær eru váttryggðar ásamt því, enda noti þær vatn frá veitunni.

107

21. ágúst

7. gr.

Af öllum húsum í Sandgerði, sem svo er ástatt um, sem getur í 6. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða tengigjald 4% af fasteignamati, þó ekki lægra en kr. 500.00.

Þá skal greiða árlega vatnsskatt að upphæð 1.5% af fasteignamati. Þó skal lágmark skattsins vera kr. 400.00.

Fyrir vatnshana utan húss, í peningshúsum og öðrum hliðstæðum útihúsum, skal greiða kr. 25.00 árlega og fyrir vatnssalerni kr. 15.00 annarra en í íbúðarhúsum.

Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, sem útheimtir vatnsnotkun, svo sem verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnfyrirtæki, fiskhús og fyrir vatn til hvers konar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun, skal greiða eftir mati vatnsveitunefndar.

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 5.00 fyrir smálest, þó aldrei minna en kr. 5.00 í hvert sinn.

8. gr.

Nú hrökkva ekki tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum, og getur þá hreppsnefndin ákveðið, fyrir eitt ár í senn, að hækka vatnsskatt þennan um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

9. gr.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunefndar um vatnsskatt til annars en heimilisþarfa, og getur hann þá krafizt þess að gerðardómur úrskurði ágreiningsatriðin.

10. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar, og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkv. mati, ef ekki næst samkomulag.

11. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast sveitarstjóri reikningshald, innheimtu og greiðslur vatnsveitunnar. Hreppsnefnd ákveður þóknun fyrir þau störf.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. júní ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðanda ár.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 500.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. ágúst 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.